

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 13. maí, var haldinn 79. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Sara Þöll Finnbogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

Elín Oddný Sigurðardóttir er boðin velkomin á sinn fyrst fund í skóla- og frístundaráði.

1. Sumarstarf skóla- og frístundasviðs. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015050259

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks harma að nemendum 8. bekkjar standi ekki til boða sumarstarf á vegum Vinnuskólans. Þessi ákvörðun var tekin árið 2011 í nafni hagræðingar, auk þess sem vinnutími 9. og 10. bekkinga var skertur. Nær hefði verið að forgangsraða í þágu skólabarna í stað þess að ráðast í kostnaðarsöm gæluverkefni sem hafa lítinn tilgang.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði fagnar miklu framboði viðfangsefna í sumarstarfi á vegum skóla og frístundasviðs fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Það er þó mikið áhyggjuefni hve kostnaðurinn er hár hvað varðar þátttöku 6 – 9 ára barna og getur útilokað þátttöku barna efnaminni foreldra frá virkri þátttöku. Þrátt fyrir að mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg að sýna forsjálni og aðhald í öllum útgjöldum og rekstri þá er afar brýnt að efla virkt sumarstarf fyrir unglunga, ekki aðeins að veita 8. bekkungum sumarvinnu í Vinnuskólanum heldur einnig að efla framboð og inntak sumarvinnu fyrir unglunga í 9. og 10. bekk. Einnig er brýnt að bæta vinnulaun unglunganna. Kostnaðurinn við aukið vægi og umfang Vinnuskólans getur vafalítið skilað sér margfaldlega í forvarnargildi og eftirsóknarverð sumarvinna getur líka haft margvíslegt uppeldisfræðilegt gildi.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2015, um könnun varðandi reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi. Ásgeir Björgvinsson, sérfræðingur tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015050018

- Kl. 11:55 vikur Sveinn Sigurður Kjartansson af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp til að endurskoða reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi. Hópin skipi fulltrúar stjórnenda

leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, fulltrúar foreldra leikskólabarna og grunnskólabarna, fulltrúi íþrótt- og tómstundasviðs auk starfsmanna skrifstofu sviðsins. Haft verði samráð við umboðsmann barna við endurskoðunina. Hópurinn skili tillögum til skóla- og frístundaráðs við fyrsta tækifæri þannig að nýjar reglur geti tekið gildi fyrir skólabyrjun í ágúst nk.

Samþykkt með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna þakka fyrir niðurstöður könnunar meðal stjórnenda leik-, grunnskóla og frístundamiðstöðva, foreldra og skólaráða á viðhorfum til reglna um auglýsingar og gjafir. Niðurstöðurnar eru skýrar, 69% telja að góð reynsla sé af reglunum en 64% vilja sjá ákveðnar breytingar, sérstaklega að heimilar verði gjafir sem varða lýðheilsu, forvarnir og öryggi eða hafa uppeldislegt og menningarlegt gildi. Jafnframt er mikill vilji til að auka kynningar á íþróttum, tómstunda- og öðru forvarnastarfi á starfsstöðvum skóla og frístundasviðs. Meirihlutinn leggur áherslu á að reglurnar um auglýsingar verði endurskoðaðar með hliðsjón af þessum sjónarmiðum og með það í huga að skapa sem víðtækasta sátt um þessi mál með hagsmunum barna og ungmenna í borginni að leiðarljósi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði samþykkti tillögu meirihluta skóla og frístundaráðs um að skipaður verði starfshópur sem vinni að endurskoðun á reglum um auglýsingar í grunnskólum sem verði tilbúnar til notkunar þegar skólahald hefst haustið 2015. Mikilvægt er að sátt skapist um dreifingu gjafa og kynningar til grunnskólabarna. Komið hefur fram sú skoðun að æskilegt er að hafa einhverjar grunnreglur að styðjast við en þó þannig að skólasamfélagið hafi þar einnig nokkuð ákvörðunarvald. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina vill ítreka þá skoðun sína að telja eðlilegt að skólastjórnendur, skólaráð og foreldrafélög hvers skóla taki samtalið um óskir sínar varðandi gjafir og kynningar í sínum skóla. Mikilvægt er að finna þá leið sem hentar skólasamfélaginu á hverjum stað og framkvæmd getur því orðið með ólíkum hætti eftir hverfum.

3. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. febrúar 2015, þar sem vísað er til skóla- og frístundaráðs svohljóðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að eftirfarandi komi í stað liðar nr. 4 í núgildandi reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar frá 10. september 2013: Gjafir frá fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum til skólabarna má þiggja ef gjöfin hefur fræðslu-, forvarnar- eða öryggisgildi. Skólastjórn hvers skóla skal skera úr í málum þar sem vafi leikur á um tilgang gjafarinnar.

Tillagan felld með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá. SFS2015020052

4. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 29. apríl 2015:

Lagt er til að eftirfarandi setning bætist við 2. lið í nágildandi reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar frá 10. september 2013. Skólastjórum grunnskóla er heimilt að leyfa fulltrúum félaga, sem sinna uppbyggilegu íþrótt- og æskulýðsstarfi í viðkomandi hverfi að kynna starfsemi sína á skólatíma enda sé gætt hófs og farið eftir fyrirmælum viðkomandi skólastjóra.

Tillagan felld með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framlögð skoðanakönnun um nágildandi reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi leiðir í ljós að um 64% svarenda vilja að gerðar verði breytingar á umræddum reglum. Af svörum í könnuninni má sjá að mikill vilji er fyrir því að íþróttir, tómstundir og annað forvarnarstarf í hverfum sé kynnt á skólatíma og nefnt er í þessu samhengi að slík kynning sé sérstaklega mikilvæg fyrir börn af erlendum uppruna. Einnig er ljóst að mikill vilji er fyrir því að heimilaðar verði gjafir, sem varða öryggi og lýðheilsu barna og unglinga og hafa forvarnarlegt gildi, sbr. reiðhjólahljálma, tannbursta, sólmyrkvagleraugu o.s.frv. Þá ríkir óánægja með að stjórnendum sé ekki heimilt að taka afstöðu til einstakra beiðna og skera úr um vafaatriði í samvinnu við skólaráð, foreldrafélag, foreldraráð o.s.frv. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa árum saman lagt til að skólastjórum grunnskóla verði heimilað að leyfa fulltrúum félaga, sem sinna uppbyggilegu íþrótt- og æskulýðsstarfi í viðkomandi hverfi, að kynna starfsemi sína á skólatíma. Einnig að gjafir megi þiggja ef þær hafi í för með sér fræðslu- forvarnar- eða öryggisgildi og að stjórn hvers skóla skuli skera úr í vafamálum. Við hörmum að fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna hafi felld tillögur okkar þar að lútandi hér á fundinum en annarri tillögunni var vísað til ráðsins á fundi borgarstjórnar 3. febrúar sl. Við hvetjum þann starfshóp, sem hefur málið til meðferðar að gera breytingar á umræddum reglum í samræmi við tillögur Sjálfstæðisflokksins. Slíkar breytingar eru löngu tímabærar enda í samræmi við vilja meirihluta foreldra og skólafólks.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarstjórn vísaði tillögum Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs og komu fulltrúar meirihlutans fram skýrum vilja sínum til að þær fengju efnislega meðferð í nýstofnuðum starfshópi sem á að leggja fram tillögur um endurskoðun reglna um auglýsingar. Starfshópurinn verður skipaður fulltrúum stjórnenda leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, fulltrúum foreldra leikskóla- og grunnskólabarna, umboðsmanns barna og fleiri. Þrátt fyrir það kjósa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að knýja fram atkvæðagreiðslu um málið og taka þannig fram fyrir hendurnar á starfshópnum. Fulltrúar meirihlutans harma það því mikilvægt er að skapa meiri sátt um meðferð þessara mála.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nágildandi reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi, sem settar voru á síðasta kjörtímabili með vitund og vilja þáverandi meirihluta Samfylkingar og Bjartrar framtíðar, hafa verið lengi til umfjöllunar og fjölmargar óskir komið fram frá foreldrum og skólafólki í borginni um breytingar á þeim í þá veru sem fram kemur í tillögum Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa

ítrekað lagt fram slíkar tillögur á vettvangi skóla- og frístundaráðs, íþrótta- og tómstundaráðs, borgaráðs og borgarstjórnar en án árangurs vegna þvermóðsku og stífni borgarstjórnarmeirihlutans. Öll sjónarmið eru löngu komin fram í málinu og framlögð skoðanakönnun sýnir svo ekki verður um villst að slíkar breytingar njóta stuðnings meirihluta aðspurðra. Það er því ekki eftir neinu að bíða að taka afstöðu í málinu en í stað þess að samþykka tillögur Sjálfstæðisflokksins þar að lútandi, kýs meirihlutinn í skóla- og frístundaráði að skípa enn eina nefndina til að fjalla um málið. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja enn frekari töf á þessu máli óæskilega en vilja engu að síður taka fram að þeir bera fullt traust til þeirra aðila, sem ætlað er að skípa fulltrúa í nefndina, og hafa góðar væntingar um að tillögur hennar verði til heilla fyrir skóla-, íþrótta- og frístundastarf í borginni. SFS2015050018

- Kl. 13:20 vikur Ragnar Þorsteinsson af fundi og Kristján Gunnarsson tekur þar sæti.
- 5. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. mars 2015, þar sem vísað er til meðferðar skóla- og frístundaráðs svohljóðandi tillögu Öddu Þóreyjardóttur Smáradóttur frá ungmennaráði Miðborgar og Hlíða:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra aukna kynfræðslu (ekki kynhræðslu) frá 6. bekk og til loka grunnskólans og fjölda kynfræðslutíma í grunnskólum Reykjavíkur. Vinnsla tillögunnar verði hafin fyrir næsta stöðufund Reykjavíkurráðs ungmenna með forsætisnefnd.

Greinargerð fylgir.

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir kynnir og svarar fyrirspurnum.

Jafnframt lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. maí 2015, varðandi tillöguna. SFS2015030167

Svohljóðandi málsmeðferðartillaga samþykkt:

Skóla- og frístundaráð fagnar framkomnum tillögum Reykjavíkurráðs ungmenna um aukna kynfræðslu, jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu og felur sviðsstjóra að hefja innleiðingu þeirra samhliða því að gerð verði úttekt á umfangi og framkvæmd kynfræðslu nemenda í grunnskólum borgarinnar.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir tillögur sínar um aukna kyn-, jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu í grunnskólum Reykjavíkur og tekur undir sjónarmið þeirra um mikilvægi hennar í uppeldi og þroska barna. Tillögunum hefur verið vísað til efnislegrar meðferðar og mun ráðið fylgja þeim eftir af heilum hug.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði lýsir ánægju sinni með hvaða hætti fulltrúar ungmenna Reykjavíkurráðs minna skóla og frístundaráð á mikilvægi þess að auka jafnréttis-, kynja og fordómafræðslu í grunnskólum. Æskilegt er að bjóða faglega og ítarlega fræðslu sem miðast einnig við samfélagið sem börnin búa við. Til að þess þarf að bjóða upp á símenntun kennara og bjóða einnig nemendum uppá aukna ráðgjöf innan skólanna. Auka þarf samvinnu milli skóla og frístundastarfs hvað þetta varðar og flétta má fræðsluna bæði inn í lífsleikni og fleira. Snemmbær fræðsla miðuð við þroska barna er afar mikilvæg

og getur einnig vakið börn til meiri vitundar og skilnings um hvað sé réttlát og eðlileg nánd og hvað flokkist undir misnotkun.

Eygló Rúnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. mars 2015, þar sem vísað er til meðferðar skóla- og frístundaráðs svohljóðandi tillögu Kára Arnarsonar frá ungmennaráði Laugardals og Háaleitis:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra aukna jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu í grunnskólum Reykjavíkur á haustönn 2016.

Greinargerð fylgir.

Kári Arnarson kynnir og svarar fyrirspurnum.

Jafnframt lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. maí 2015, varðandi tillögunu. SFS2015030170

Svohljóðandi málsmeðferðartillaga samþykkt:

Skóla- og frístundaráð fagnar framkomnum tillögum Reykjavíkurráðs ungmenna um aukna kynfræðslu, jafnréttis- kynja- og fordómafræðslu og felur sviðsstjóra að hefja innleiðingu þeirra samhliða því að gerð verði úttekt á umfangi og framkvæmd kynfræðslu nemenda í grunnskólum borgarinnar.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir tillögur sínar um aukna kyn-, jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu í grunnskólum Reykjavíkur og tekur undir sjónarmið þeirra um mikilvægi hennar í uppeldi og þroska barna. Tillögunum hefur verið vísað til efnislegrar meðferðar og mun ráðið fylgja þeim eftir af heilum hug.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði lýsir ánægju sinni með hvaða hætti fulltrúar ungmenna Reykjavíkurráðs minna skóla og frístundaráð á mikilvægi þess að auka jafnréttis-, kynja og fordómafræðslu í grunnskólum. Æskilegt er að bjóða faglega og ítarlega fræðslu sem miðast einnig við samfélagið sem börnin búa við. Til að þess þarf að bjóða upp á símenntun kennara og bjóða einnig nemendum uppá aukna ráðgjöf innan skólanna. Auka þarf samvinnu milli skóla og frístundastarfs hvað þetta varðar og flétta má fræðsluna bæði inn í lífsleikni og fleira. Snemmbær fræðsla miðuð við þroska barna er afar mikilvæg og getur einnig vakið börn til meiri vitundar og skilnings um hvað sé réttlát og eðlileg nánd og hvað flokkist undir misnotkun.

Eygló Rúnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2015, varðandi áherslur styrkja skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2016. SFS2015050162 Frestað.
8. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 26. mars 2015, um mótun tengsla skóla og atvinnulífs. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2015, um hugmyndina. SFS2015030157

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar erindinu til umfjöllunar í starfshópi um aukið vægi verk- tækni og listnáms í grunnskólum Reykjavíkur.

Samþykkt.

9. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 29. apríl 2015:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur óskar eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að sem fyrst verði farið í viðhald og endurbætur á húsnæði og lóð leikskólans Bakkaborgar í Breiðholti. Húsnæði og lóð skólans er verulega ábótavant svo vægt sé til orða tekið. Slysahætta er jafnvel fyrir hendi á lóðinni eins og foreldraráð Bakkaborgar hefur bent á.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2015, varðandi endurbætur á húsnæði og lóð Bakkaborgar. SFS2015050163

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að beina tillögu Sjálfstæðisflokksins um viðhald og endurbætur á húsnæði og lóð leikskólans Bakkaborgar til umhverfis- og skipulagssviðs sem innlegg í þá vinnu sviðsins sem nú fer fram vegna undirbúnings endurbóta við Bakkaborg.

Samþykkt.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. maí 2015, varðandi samning um framlag vegna reykvískra barna í fimm ára leikskóladeild skóla Ísaks Jónssonar og yfirlýsing skólanefndar Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 11. maí 2015. Enn fremur lögð fram drög að samningi um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskólans Skóla Ísaks Jónssonar ásamt viðaukum. Guðrún Sigtryggsdóttir, yfirlögfræðingur skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2013050076

Samþykkt og vísað til borgarráðs að fallið verði frá greiðslum til skóla Ísaks Jónssonar vegna fimm ára reykvískra barna sem fram hafa farið á grundvelli samþykktar borgarráðs frá 28. apríl 2005. Jafnframt samþykkt og vísað til borgarráðs drögum að samningi um framlag til Skóla Ísaks Jónssonar vegna fimm ára barna í leikskóladeild skólans. Samningurinn taki gildi 1. ágúst 2015 og frá sama tíma er fallið frá greiðslum skv. samþykkt borgarráðs frá 28. apríl 2005.

11. Dagskrárlið 10 í útsendri dagskrá varðandi ytra mat í skóla- og frístundastarfi frestað.
12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2015, um hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2014-2015. SFS2015030011

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði leggur til að við afhendingu Hvatningaverðlauna skóla- og frístundaráði verði gerð nokkur breyting á framkvæmd athafnarinnar. Fulltrúum barna viðkomandi verðlaunahafa

verði boðið að vera við athöfnina og vínveitingar mættu þá leggjast af sé þess þörf. Einnig er lagt til að a.m.k. ein ljósmynd verði birt á skjánum af viðkomandi verkefni þegar verkefninu er lýst og viðurkenningin afhent.

Frestað.

13. Lögð fram skýrslan Lykilhlutverk leiðtoga í skólaþróun, uLead ráðstefna í Banff, Alberta. Alþjóðleg ráðstefna leiðtoga í skólamálum. Námsferð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, skólastjóra, skóla- og frístundaráðs og starfsmanna skrifstofu SFS til Alberta 13. – 20. mars 2015. SFS2015030030
- Kl. 14:30 vikur Bryndís Jónsdóttir af fundinum.
14. Lögð fram ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014. SFS2015050047
15. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 29. apríl 2015, varðandi ástæður þess að tillaga um breytingu á reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi hefur ekki verið lögð fyrir skóla- og frístundaráð. SFS2015050164

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum fyrir svarið en áréttum þá skoðun okkar að rétt hefði verið að taka tillögu Sjálfstæðisflokksins frá umræddum borgarstjórnarfundum, 3. febrúar, til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði fljótlega eftir að borgarstjórn vísaði henni til ráðsins þrátt fyrir að málið væri í vinnslu á skóla- og frístundasviði.

- Kl. 14:55 vikja Auður Árný Stefánsdóttir, Valgerður Janusdóttir, Rósa Ingvarsdóttir, Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Kristján Gunnarsson, Sara Þöll Finnbogadóttir, Atli Steinn Árnason og Soffía Pálsdóttir af fundi.
16. Lögð fram dagskrá Stóra leikskóladagsins, sem haldinn verður í Ráðhúsi Reykjavíkur 29. maí 2015. SFS2015020010
17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hversu mörg börn eru á biðlistum eftir leikskólavist. Jafnframt er þess óskað að fá upplýsingar um hvort einhver 2ja ára börn eru á biðlista. SFS2015050260

Fundi slitið kl. 15.05

Skúli Helgason

Elín Oddný Sigurðardóttir
Kjartan Magnússon
Ragnar Hansson

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf